

## Upphaf tölvuvæðingar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Lengi vel hafði gamla góða ritvélin dugað Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) til frágangs á rituðu efni, en nokkru eftir að einmennungstölvan kom á markað höfðu glöggir starfsmenn komið auga á margvíslega nytsemi sem af henni mátti hafa. Stjórnendum NÍ þótti hins vegar tölvukaup ekki fýsilegur kostur fyrr en þáverandi forstöðumaður kynntist ritvinnsluvél (Word Processor) á ferðalagi erlendis. Þar með vaknaði áhugi á að kaupa slíka vél og við nánari athugun kom í ljós að um eitt og sama tækið var að ræða. Þá var gerður út leiðangur til Skógræktarinnar að Mógilsá til að skoða BBC tölvu sem hafði nýlega verið keypt þangað, en í framhaldi af því var ákveðið að kaupa frekar "stóru IBM tölvuna".

Þar sem fjárveitingu skorti þá sammæltust menn um það að í tilteknu verkefni, svonefndri Innnesskýrslu, skyldu launagreiðslur vegna yfirvinnu ekki greiddar út, en þess í stað ráðstafað til kaupa á tölvu, enda reiknað með að hún myndi nýtast vel við vinnslu og frágang skýrslunnar auk annara verka.

Innréttað var sérstakt herbergi fyrir tölvuna á 3. hæð í húsnæði NÍ við Hlemmtorg. Þar gátu menn setið við hana í friði og reyndist ásóknin slík að settur var upp bókunarlisti þar sem menn urðu að skrá sig til að komast að. Oft var tölvun fullbókuð vikum saman fram í tímann.



Þegar undirritaður hóf störf hjá NÍ, árið 2000, var þessi tölvu ekki lengur í notkun en hún hefur verið varðveitt og er enn til ásamt tilheyrandi skjá og lyklaborði. Hún er af gerðinni IBM Personal Computer XT 5160<sup>1</sup>, með einu disklingadrifi og hörðum disk, sennilega 10 MB. Á tölvukassanum er afhendingarmiði frá seljandanum, Gísli J Johnsen, með dagsetningu nóv. 1984. Eignaskrárnúmer NÍ, 632, er enn á vélinni og úr eignaskrá má sjá að kaupárið var 1984 og kaupverðið 165.000 kr. Næsta

færsla í eignaskránni er vegna Facit 4512B prentara, sem kostaði 45.000 kr. og hefur vafalaust verið keyptur til notkunar með þessari tölvu. Hann hefur ekki varðveist.

Má því ætla að samanlögð útgjöld til fyrstu tölvuvæðingar NÍ hafi verið 210.000 krónur. Samkvæmt launavísitölu má framreikna þetta í ca 2 milljónir króna á árinu 2007, sem voru dregnar af launum fórnfúsra og áhugasamra starfsmanna.

<sup>1</sup> Fyrir þá sem hafa áhuga á upphafsárum PC tölvunnar, MSDOS og þeim kafla úr sögu Davíðs og Goliáts, þ.e. Microsoft og IBM, þá er hér stikla á stutta en ágæta grein um það:

[http://www.theregister.co.uk/2007/11/17/tob\\_ibm\\_personal\\_computer/](http://www.theregister.co.uk/2007/11/17/tob_ibm_personal_computer/)

Ítarlegri lesningu um upphaf Microsoft má finna víða, t.d. í bókinni Hard Drive, Bill Gates and the making of the Microsoft Empire eftir þá félagana James Wallace og Jim Erickson, ISBN 0-471-94081-X, John Wiley & Sons 1992, 1993 ....